

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 8. október 2019
UST201909-310/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Rangárþing eystra 2012 - 2024 – Nýtt deiliskipulag fyrir Útskák

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Útskák.

Í greinargerð kemur fram að í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður um 2 ha af landbúnaðarlandi breytt í íbúðarsvæði og þar verður gert ráð fyrir allt að fimm lóðum fyrir íbúðarhús þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og bílskúr og heildarstærð allt að 200 m².


Þá verður um 2,4 ha af landbúnaðarlandi breytt í frístundasvæði og þar verður gert ráð fyrir allt að fimm lóðum fyrir frístundahús þar sem heimilt verður að reist eitt allt að 200 m² hús á lóð.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur